

From: [Daniel Snorrason](#)
To: [Íbúaráð Háaleiti og Bústaðahverfi](#)
Cc: [Giada Vísall](#)
Subject: Umferðaröryggi við skóla og íþróttafélag í Safamýri
Date: mánudagur, 26. febrúar 2024 23:03:34

Hæ,

Við erum með þrjú börn á grunn- og leikskólaaldri og erum því fastagestir á göngustígnum við Safamýrargötuna sem liggur meðfram Álftaborg, Álftabæ, Víking og Álftamýrarskóla.

Flestir ökumenn fara varlega á þessari leið enda hámarkshraðinn 30 á götunni, en því miður er einnig töluvert um hraðakstur.

Börn eru eðlilega út um allt á þessu svæði rétt við skólann og við höfum oftast en einu sinni séð bíl nauðhemlað á götunni. Það eru einhverjar hraðahindranir á leiðinni en það eru langir kaflar þar sem eingöngu samviska ökumannsins ræður ríkjum. Þá er líka leiðin greið á samvöxnu bílastæði Álftamýrarskóla og Víkings og því miður höfum við orðið vitni að glannaskap þar líka.

Það væri ýmislegt hægt að gera á þessari leið til að bæta öryggið, t.d.

- Setja aðra þrengingu á götuna, t.d. við leikskólann Álftaborg
- Hraðaskilti við innkomu í hverfið báðum megin sem gefur skilaboð út frá hraða ökumanns
- Loka á milli bílastæðis Álftamýrarskóla og Víkings
- Fleiri hraðahindranir
- Lækka hámarkshraða

Þetta svæði mætti nú líka alveg við því að vera aðeins meira grænt í stað þess að vera eitt stórt bílastæði. En allavega, hvað finnst ykkur, hafið þið eitthvað velt þessum öryggismálum fyrir ykkur ef til vill? Hvernig væri hægt að koma þessum bolta af stað?

Kv,

Daníel Snorrason

Snr. 789-2328

